

11. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 17. mars 2016 kl. 18:15.

Mættir eru: Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Jóhann Helgi Konráðsson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

Forföll boðaði: Hjalti Þorvarðarson.



1. Ársreikningur 2015

Lögð fram drög að ársreikningi 2015 og fjárhagsáætlun ársins 2016.

2. Tillögur til aðalfundur

Lögð fram drög að tillögum til aðalfundar. Framkvæmdastjórn fellst að mestu leyti á tillögurnar en framkvæmdastjóra var falið að vinna ákveðnar tillögur betur og í samræmi við vilja stjórnarinnar.

Tillögurnar verða lagðar fyrir næsta fund aðalstjórna

3. Siðareglur félagsins

Framkvæmdastjóra falið að kanna hvort siðareglur félagsins hafi verið samþykktar formlega og minna deildir á að framfylgja þeim.

4. Starfshópur um frístundaheimili

Á fundi bæjarráðs Árborgar 10. mars sl. var lögð fram tillaga um skipan í starfshóp um frístundaheimili. Óskað var eftir að Umf. Selfoss skipi einn fulltrúa íþróttá- og tómstundafélaga. Samþykkt að framkvæmdastjóri taka sæti í hópnunum.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:53.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**